



Svæðisráðsfundur 15. febrúar í Reykjanesbæ í umsjón Kiwaniasklúbbsins Keilis

Mættir voru 37 félagar sem verður að teljast nokkuð góð mæting, skipting var sem hér segir:

7 félagar frá Eldborg, 6 frá Eldey, 4 frá Hraunborg, 2 frá Setberg, 3 frá Vörðu, 6 frá Keili, 3 frá Hof, 5 frá Sólborg og 1 frá Esju.

Svæðisstjóri setti fund kl. 9

Forseti Keilis flutti gullkorn dagsins með sínum hætti og óhætt að segja að hann hafi sýnt rómantísku hlið sína þennan morguninn.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt án athugasemda.

Eftir morgunverð voru umræður um skýrslur.

Forseti Keilis bað um orðið, honum fannst skýrslurnar nokkuð bragðdaufar og leiðinlegar til lesturs, hann lagði til að ein skýrsla yrði lesin á næsta fundi og það yrði dregið um frá hvaða klúbbi þannig verður meira vandað til við gerð skýrslanna.

Óskar bað um orðið og var Jóni sammála, skýrslurnar þurfa að vera lengri og ítarlegri þannig að þær endurspegli starf klúbbana, það þarf að vanda betur til þeirra og þess vegna breyta innihaldi þeirra þar sem mat forseta kemur fram á starfi síns klúbbs.

Magnús bað um orðið og benti á að óbreyttir félagsmenn vita ekkert um hvað fer fram í öðrum klúbbum þar sem þeir sjái ekki skýrslurnar.

Svæðisstjóri benti á að ætlast er til að forsetar deili skýrslum á meðal sinna félaga, einnig er hægt að sjá skýrslurnar á heimasíðu umdæmisins.

Ákveðið var að á næsta fundi verði dregið um það hver les upp sína skýrslu.

Stífkrapaverkefnið

Ástbjörn Egilsson var með kynningu á stífkrapaverkefninu og fékk hjálp frá Óskari Guðjónssyni við það en Ástbjörn hefur nýlega tekið við verkefninu. Hann sagði frá því að upphaflega var stjórn styrktarsjóð falið verkefnið en nú hefur verið fallið frá því. Ástbjörn sagði frá því að ákveðið var á heimsþingi árið 2010 að fara út í annað heimsverkefni sem felst í því að útrýma stífkrapa. Hann fór yfir önnur heimsverkefni sem Kiwanishreyfingin hefur unnið að og sagði að jóð verkefnið hefði verið eitt af helstu afrekum 20 aldarinnar.

Ástbjörn lýsti sjúkdómnum og hvernig hann er tilkominn. Óskar tók svo við og fór yfir þau lönd þar sem búið er að útrýma stífkrampa og þau lönd þar sem hann er enn til staðar.

Söfnunarmarkmiðið er 423.800 usd eða kr. 48.262.344,- sem leggst á hvern féлага 465 usd eða kr. 53.140,- Staða söfnunar var 16. janúar síðastliðinn usd 105.432,- og á hvern féлага usd 117,93. Kaup á Hixon og Seller orðum runnu beint í söfnunina ásamt kaupum á stjörnum, því hefur nú verið breytt en kaup á stjörnum runnu beint í söfnunina hjá hverjum klúbb fyrir sig á síðasta starfsári.

Sýnd voru drög að hvernig söfnun hvers klúbbs stendur en nákvæmt uppgjör lá ekki fyrir.

Ástbjörn sagði frá því að Eldey væri sér á parti varðandi styrki til verkefnisins og góð fyrirmynd, þeir hafa lofað að greiða sem nemur 750 usd á hvern féлага yfir 5 ára tímabil og gerast þar með Model klúbbur.

Nú á að fara í áttak vegna verkefnisins, næstu skref verða í samvinnu við Unicef en þeir ráða yfir símanúmeri 1900 og ef sent er inn á það sms með textanum stopp 1900 skuldfærast 660 kr af símareikning sem renna til söfnunarinnar og fyrir þá upphæð er hægt að bjarga þremur mannlífum, 20 til 23. mars verður sögusýning í Kringlunni fyrir framan Dressmann í tilefni af 50 ára afmæli Kiwanishreyfingarinnar á Íslandi, þar verður verkefnið kynnt vel og kiwanismenn verða á vakt alla helgina til að dreifa kynningarbæklingum um verkefnið. Allir klúbbar í Ægissvæði eru beðnir um að manna þessar vaktir sem eru 2 – 3 tímar og eiga 4 félagar að manna hverja vakt, næstu daga á eftir ætlar svo Unicef að fylgja þessu eftir með kynningu á heimasíðu sinni. Klúbbarnir eru svo hvattir til að nota hvert tækifæri á að kynna verkefnið og símanúmerið. Söfnunin stendur út ágúst 2014 en endar á næsta umdæmisþingi. Forsetar klúbbana verða tengiliðir við umsjónarmann verkefnisins.

Keilumót Ægissvæðis

Guðlaugur frá Eldey fór yfir keilumót sem ætlunin er að halda fyrir klúbbana í Ægissvæði 17. apríl næstkomandi á skírdag. Hann afhenti leikreglurnar sem eru óhefðbundnar og til þess fallnar að allir geta haft gaman að. Hann sagði að veitt verða verðlaun fyrir 10 hæstu stigin og verðið verður ca kr. 2.200,- Áætlað er að byrja á milli kl. 15:00 og 16:00 og búið að taka frá fyrir um 70 manns í keilusalnum í Öskjuhlíð.

Umræðuhópar

Svæðisstjóri skipti fundarmönnum í sal upp í tvo hópa þar sem umræðuefnið var samstarf og samvinna í svæðin, framhald á umræðum sem áttu sér stað á fyrsta svæðisráðsfundi. Kynntu svo umsjónarmenn umræðnanna niðurstöður þeirra í lokin.

Önnur mál

Kjörsvæðisstjóri bað um orðið og ræddi sumarhátíðina, hann velti upp þeirri spurningu hvort það ætti hreinlega að hætta með hana í ljósi slæmrar mætingar á síðust hátíð. Engin ákvörðun var þó tekin varðandi það.

Guðlaugur kom undir þessum lið og kynnti glæsilega fáröflun Eldeyjar sem tengist konudeginum.

Óskar bað um orðið og sagði frá því að borist hafi fréttabréf frá Filippseyjum þar sem þakkað var fyrir rausnarlegan styrk sem þeim var sendur.

Hjörtur bað um orðið og kynnti aðalstyrktarverki Eldborgar sem er sjávarréttardagurinn þeirra.

Sigurður frá Hofi kynnti styrktarverkefni frá þeim sem er sala á fiskikössum með alls konar góðmeti.

Svæðisstjóri kom því næst í pontu og benti á að framboð til kjörsvæðisstjóra þarf að berast 30 dögum fyrir næsta fund. Hún ræddi líka fundarskipan í svæðinu og velti upp þeirra spurningu hvort það ætti að fækka fundum úr 4 í 3.

Umdæmisstjóri bað um orðið og var ekki sammála, hún vill halda óbreyttu formi þar sem óbreytt form hefur dugað vel til að halda utan um starf umdæmisins hingað til í stað þess að þurfa jafnvel að boða til aukafunda til að klára mál sem gætu komið upp í svæðunum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 11:50

Fundargerð ritaði Björn Kristinsson